

BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á reglum og samþykktum vegna spilakassa - R21030282

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að ráðist verði í endurskoðun á reglum og samþykktum borgarinnar með það að markmiði að koma í veg fyrir rekstur spilakassa og skaðlegar afleiðingar slíks reksturs. Spilafíkn veldur miklum samfélagslegum skaða. Þrátt fyrir það eru reknir spilakassar á Íslandi, bæði í sjoppum og á veitingastöðum og einnig í sérstökum spilasölum. Ekki þarf að leita lengra en á Lækjartorg til að finna slíkan. Undanfarið hefur skapast mikil umræða um rekstur spilakassa og hvort rétt sé að banna slíkan rekstur. Sú umræða hefur skapast fyrir tilstilli Samtaka áhugafólks um spilafíkn sem hafa staðið fyrir átakinu Lokum.is, en frekari upplýsingar má finna á vefsíðu með sama nafni. Samtökin hafa dregið fram reynslusögur spilafíkla og aðstandenda þeirra sem sýna svart á hvítu hve miklum skaða spilafíkn veldur samfélaginu.

Greinargerð:

Spilafíkn veldur miklum samfélagslegum skaða eins og allir vita og margsinnis hefur verið sýnt fram á með rannsóknum. Engu að síður er rekstur spilakassa löglegur. Undanþágur voru á sínum tíma veittar til að liðka fyrir fjáröflunartækifærum og fengu Happpdrætti Háskóla Íslands og Íslandsspil (í eigu Rauða Krossins, Landsbjargar og SÁÁ) heimild til reksturs spilakassa. Þrátt fyrir að ágóðinn eigi að renna til góðgerðamála er ljóst að einkaaðilar hagnast einnig á þessum ósóma. Algengt er að rekstrinum sé útvistað til einkaaðila og varla rennur ágóðinn óskipt til HHÍ og Íslandsspila. A.m.k. gefa upplýsingar í fyrirtækjaskrá það til kynna að rekstur spilakassa og spilasala skili þessum einkaaðilum reglulegum og umtalsverðum hagnaði. Það er kominn tími til að banna þennan ósóma í eitt skipt fyrir öll. Þó starfsemin sé heimil lögum samkvæmt þarf hún að uppfylla ýmsar kröfur reglna og samþykktu sem settar eru af borgaryfirvöldum. Sækja þarf um leyfi fyrir fyrirhuguðum rekstri hjá skipulagsyfyrvöldum, heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti og lögreglu. Þá þarf lögregla að leita umsagnar velferðasviðs fyrir leyfisveitingu vegna rekstri spilasala. Það þarf að grípa til heildstæðrar endurskoðunar þar sem skoðað verði hvaða leiðir séu færar til að koma í veg fyrir rekstur spilakassa í borginni og draga úr spilafíkn. Nauðsynlegt er að sérfræðingar leggi mat á það hvaða leiðir skili bestum árangri, enda ljóst að svara þarf ýmsum álitamálum þegar ráðist er í breytingar á reglugerðum og samþykktum borgarinnar. Með því að kortleggja hvaða leiðir eru færar er hægt að grípa til aðgerða sem skila markvissum árangri og draga úr skaðlegum áhrifum spilafíknar.